

Reglur Stefnis - Erlendra Hlutabréfa

1. gr.

Heiti sjóðsins, rekstrarform og grunnmynt.

Nafn sjóðsins er Stefnir - Erlend Hlutabréf. Kennitala sjóðsins er 421104-9050

Erlent nafn sjóðsins er Stefnir - International Equities.

Sjóðurinn er verðbréfasjóður. Sjóðurinn hefur heimild til markaðssetningar á Íslandi.

Rekstrarfélag sjóðsins er Stefnir hf., kt. 700996-2479, Borgartúni 19, 105 Reykjavík.

Sjóðurinn starfar í tveimur deildum, ISK deild og EUR deild. Grunnmynt ISK deildar sjóðsins eru íslenskar krónur (ISK) en grunnmynt EUR deildar sjóðsins er evrur (EUR).

2. gr.

Fjárfestingarstefna.

Fjárfestingarstefna

Markmið sjóðsins er að fjárfesta einkum í hlutabréfum hlutafélaga sem tekin hafa verið til viðskipta á erlendum hlutabréfamörkuðum. Sjóðurinn hefur tvær deildir – EUR deild og ISK deild – sem fylgja sömu fjárfestingastefnu að öllu leyti nema einu, þ.e. EUR deildin hefur ekki heimild til að verja gjaldmiðlaáhættu sína, en ISK deild sjóðsins notar hlutlausu stýringu í gjaldeyrisvörnum og hefur heimild til þess að nota afleiður til gengisvarna á eignum sjóðsins.

Fjárfestingarstefna – EUR deild

Markmið sjóðsins er að fjárfesta einkum í hlutabréfum hlutafélaga sem tekin hafa verið til viðskipta á erlendum hlutabréfamörkuðum. Fjárfestingar skulu aðallega miðast við hlutabréf útgefin af hlutafélögum sem hafa dreifða eignaraðild og tryggan endursölumarkað. Hlutabréfasafnið mun á hverjum tíma innihalda hlutabréf ekki færri en tuttugu mismunandi útgefanda. Þetta munu vera vel seljanleg erlend hlutabréf sem tekin hafa verið til viðskipta í viðurkenndum erlendum kauphöllum. Sjóðurinn mun að stærstum hluta samanstanda af hlutabréfum fyrirtækja sem tekin hafa verið til viðskipta í þróuðum markaðslöndum.¹ Stefnir - Erlend Hlutabréf mun beina fjárfestingum sínum að þeim fjárfestingarkostum sem að mati rekstrarfélagsins eru líklegastir til að skila sem bestri ávöxtun með tilliti til áhættu. Sjóðurinn hefur það að markmiði að fjárfesta einkum í traustum og arðvænlegum fyrirtækjum án tillits til landfræðilegrar stöðu eða atvinnugreina. Heimilt er að fjárfesta í kauphallarsjóðum sem falla að framangreindu fjárfestingarmarkmiði.

Í samræmi við lög nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði hefur deildin heimild til að binda fé sitt í afleiðum svo fremi sem þær séu innan þeirra fjárfestingartakmarkana sem um deildina gilda samkvæmt II. kafla F hluta laganna, sbr. einkum 5. og 6. tölul. 30. gr., 34. gr. og 41. gr. sömu laga.

Heimilt er að nota afleiður til annars en gengisvarna fyrir allt að 10% af eignum sjóðsins til að framfylgja fjárfestingarstefnu sjóðsins með stöðutöku í undirliggjandi fjármála-gerningi viðkomandi afleiðu. Einungis eru notaðir framvirkir samningar (e. forwards) og framtíðarsamningar (e. futures) til stöðutöku í hlutabréfum og hlutabréfavísitölum. Ef verðþróun á markaði er mjög óhagkvæm sjóðnum getur sjóðurinn tapað því sem nemur verðbreytingu samningsins. Ef notast er við afleiður skv. framangreindu skal sjóðurinn eiga í lausu fé þá upphæð sem sjóðurinn getur að hámarki tapað vegna afleiðusamningsins, þ.e.a.s. sem samsvarar verðmæti undirliggjandi eignar afleiðusamningsins.

Stefnir - Erlend hlutabréf er verðbréfasjóður og takmarkast fjárfestingarheimildir sjóðsins við 30.-42. gr. laga nr. 30/2003. Þannig er EUR deildinni óheimilt að binda meira en 10% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsskjölum útgefnum af sama útgefanda. Einnig gildir að ef EUR deildin fjárfestir meira en 5% í verðbréfum útgefnum af sama útgefanda skal samtala slíkra fjárfestinga ekki fara yfir 40% af eignum deildarinnar.

¹ Með „þróuðum markaðslöndum“ er átt við lönd sem eru hluti af MSCI heimsvísitölu Morgan Stanley (e. Developed markets).

Sundurliðun fjárfestingaheimilda Stefnis - Erlend Hlutabréf – EUR deild	%
Hlutabréf sem tekin hafa verið til viðskipta á erlendum skipulegum verðbréfamörkuðum	80-100%
Hlutdeildarskírteini kauphallarsjóða	0-20%
Hlutdeildarskírteini peningamarkaðssjóða	0-10%
Innlán fjármálafyrirtækja	0-10%
Afleiður vegna stöðutöku	0-10%

Fjárfestingarstefna – ISK deild

Markmið ISK deildar sjóðsins er að fjárfesta einkum í hlutabréfum hlutafélaga sem tekin hafa verið til viðskipta á erlendum hlutabréfamörkuðum. ISK deildin leggur sérstaka áherslu á stýringu gjaldmiðlaáhættu sem fylgir fjárfestingum í erlendri mynt.

Fjárfestingar skulu aðallega miðast við hlutabréf útgefin af hlutafélögum sem hafa dreifða eignaraðild og tryggan endursölumarkað. Hlutabréfasafnið mun á hverjum tíma innihalda hlutabréf ekki færri en tuttugu mismunandi útgefenda. Þetta munu vera vel seljanleg hlutabréf erlendra hlutafélaga sem tekin hafa verið til viðskipta í viðurkenndum erlendum kauphöllum. Sjóðurinn mun að stærstum hluta samanstanda af hlutabréfum fyrirtækja sem tekin hafa verið til viðskipta í þróuðum markaðslöndum.² Stefnir - Erlend Hlutabréf mun beina fjárfestingum sínum að þeim fjárfestingarkostum sem að mati rekstrarfélagsins eru líklegastir til að skila sem bestri ávöxtun með tilliti til áhættu. Sjóðurinn hefur það að markmiði að fjárfesta einkum í traustum og arðvænlegum fyrirtækjum án tillits til landfræðilegrar stöðu eða atvinnugreina. Heimilt er að fjárfesta í kauphallarsjóðum sem falla að framangreindu fjárfestingarmarkmiði.

Í samræmi við lög nr. 30/2003 hefur ISK deild sjóðsins heimild til að binda fé sitt í afleiðum svo fremi sem þær séu innan þeirra fjárfestingartakmarkana sem um ISK deildina gilda samkvæmt II. kafla F hluta laganna, sbr. einkum 5. og 6. tölul. 30. gr., 34. gr. og 41. gr. sömu laga. ISK deildin stýrir áhættu sinni meðal annars með notkun gjaldeyrisvarna. Heimilt er að verja þá gjaldeyrisáhættu sem ISK deildin verður fyrir samhliða fjárfestingum sínum. Einnig er heimilt að breyta myntsamsetningu erlendra eigna. Gjaldmiðlaáhættu ISK deildar sjóðsins er stýrt með notkun afleiðna, en heimilt er að nota framvirka samninga (e. forwards) og vilnanir. Heimilt er að verja gjaldeyrisáhættu ISK deildar 100% og getur deildin bæði hagnast og tapað á vörnum.

Heimilt er að nota afleiður til annars en gjaldeyrisvarna fyrir allt að 10% af eignum ISK deildar sjóðsins til að framfylgja fjárfestingarstefnu sjóðsins með stöðutöku í undirliggjandi fjármálagerningi viðkomandi afleiðu. Einungis eru notaðir framvirkir samningar og framtíðarsamningar (e. futures) til stöðutöku í hlutabréfum og hlutabréfavísitölum. Ef verðþróun á markaði er mjög óhagkvæm ISK deildar sjóðnum getur deildin tapað því sem nemur verðbreytingu samningsins. Ef notast er við afleiður til annars en gjaldeyrisvarna skal ISK deildin eiga í lausu fé þá upphæð sem deildin getur að hámarki tapað vegna afleiðusamningsins, þ.e.a.s. sem samsvarar verðmæti undirliggjandi eignar afleiðusamningsins.

Stefnir - Erlend hlutabréf er verðbréfasjóður og takmarkast fjárfestingarheimildir sjóðsins við 30.-42. gr. laga nr. 30/2003. Þannig er ISK deildinni óheimilt að binda meira en 10% af eignum ISK deildar sjóðsins í verðbréfum og peningamarkaðsskjölum útgefnum af sama útgefanda. Einnig gildir að ef ISK deildin fjárfestir meira en 5% í verðbréfum útgefnum af sama útgefanda skal samtala slíkra fjárfestinga ekki fara yfir 40% af eignum ISK deildarinnar.

Sundurliðun fjárfestingaheimilda Stefnir - Erlend Hlutabréf – ISK deild	%
Hlutabréf sem tekin hafa verið til viðskipta á erlendum skipulegum verðbréfamörkuðum	80-100%
Hlutdeildarskírteini kauphallarsjóða	0-20%
Hlutdeildarskírteini peningamarkaðssjóða	0-10%
Innlán fjármálafyrirtækja	0-10%
Afleiður vegna stöðutöku	0-10%

² Með „þróuðum markaðslöndum“ er átt við lönd sem eru hluti af MSCI heimsvísitölu Morgan Stanley (e. Developed markets).

3. gr. Verkefni sjóðsins.

Stefni hf. fer með rekstur sjóðsins í samræmi við lög nr. 30/2003.

Vörslufyrirtæki sjóðsins er Arion verðbréfavarsla hf., kt. 470502-2450, Ármúla 13, 108 Reykjavík.

Stefni hf. er óheimilt að skipta um vörsluaðila nema að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins. Auk verðbréfavörslu sinnir Arion verðbréfavarsla hf. ýmsum öðrum verkefnum í rekstri sjóðsins. Samkvæmt 18. gr. laga nr. 30/2003 hefur rekstrarfélag sjóðsins fengið samþykki Fjármálaeftirlitsins fyrir því að útvista til Arion verðbréfavarsla hf. ýmsum lögbundnum verkefnum rekstrarfélagsins, s.s. að annast mat á verðmæti verðbréfa og annarra eigna sjóðsins. Varðandi illseljanlegar eignir, skráðar sem óskráðar, hefur sérstök verðmatsnefnd Stefnis umsjón með verðmati á slíkum eignum í samvinnu við Arion verðbréfavörslu. Samkvæmt sömu lagaheimild viðheldur Arion verðbréfavarsla hf. skrá yfir eigendur hlutdeildarskírteina, annast útreikninga á innlausnarvirði sjóðsins og annast vörslu hlutdeildarskírteina og annarra gagna um viðskipti. Samkvæmt 2. mgr. 18. gr. laga nr. 30/2003 hefur útvistun á framangreindum lögbundnum verkefnum rekstrarfélagsins engin áhrif á ábyrgð félagsins gagnvart eigendum hlutdeildarskírteina.

Arion verðbréfavarsla hf. annast og ber ábyrgð á bókhaldi og uppgjöri sjóðsins í samræmi við samþykktir sjóðsins, lög nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði og bókhaldslög. Arion verðbréfavarsla hf. sér um að útbúa og senda efnahags- og rekstrarreikninga skv. lögum til endurskoðanda. Jafnframt skal Arion verðbréfavarsla hf. senda mánaðarlega skýrslu til Seðlabanka og skýrslu til Fjármálaeftirlitsins reglulega í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru vegna þeirra sjóða sem um ræðir. Aðrar skýrslugjafir til opinberra aðila vegna sjóðsins er jafnframt í höndum Arion verðbréfavörslu hf. ef efnið varðar þá þætti sem Arion hefur tekið að sér samkvæmt samningnum.

Í lok hvers mánaðar sér Arion verðbréfavarsla hf. um að greiða eignastýringar- og vörsluþóknun fyrir sjóðina. Mánaðarlegt uppgjör sjóðanna, uppgjör til endurskoðanda, skýrslur til utanaðkomandi eftirlitsaðila og viðskiptamanna skal borið undir framkvæmdastjóra Stefnis hf. til umsagnar.

Arion banki hf. eru söluaðili sjóðsins og annast þjónustu við þá sem fjárfesta í sjóðnum eða óska eftir upplýsingum í tengslum við fyrirhugaða fjárfestingu í sjóðnum og annast milli-göngu um útgáfu og innlausn hlutdeildarskírteina. Arion banki hf. annast markaðssetningu og sölu hlutdeildarskírteina að öðru leyti.

Stefni rekur fjölmarga verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestasjóði. Félagið hefur gert samninga um þjónustukaup, með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa að leiðarljósi. Slíkir samningar geta leitt til þess að afsláttur sé veittur af keyptri vöru eða þjónustu, sem viðskiptavinur og Stefnir skipta með sér. Slíkir samningar eru til hagsbóta fyrir sjóðina og þar af leiðandi fyrir hlutdeildarskírteinishafa þeirra. Afslættir eru misjafnir milli fyrirtækja og fara iðulega eftir því hversu mikla fjármuni er um að ræða í fjárfestingu hverju sinni. Frekari upplýsingar um framangreint er að fá hjá Stefni hf.

Um verkefni sjóðsins fer nánar skv. samningum rekstrarfélagsins og viðkomandi aðila.

4. gr. Þóknunir.

Þóknun Stefnis hf. fyrir rekstur ISK deildar sjóðsins skal að hámarki nema 2,5% p.a. af meðaltali verðmætis hreinnar eignar ISK deildar sjóðsins meðan hann er starfræktur, en í dag nemur þóknunin 1,95%.

Þóknun Stefnis hf. fyrir rekstur EUR deildar skal að hámarki nema 2,5% p.a. af meðaltali verðmætis hreinnar eignar EUR deildar sjóðsins meðan hann er starfræktur, en í dag nemur þóknunin 1,65 %.

Þóknun Arion verðbréfavörslu hf. fyrir umsjón og vörslu fjármálagerninga sjóðsins er innifalin í þóknun Stefnis. Auk umsýsluþóknunar rennur sölubóknun til Arion banka hf. fyrir sölu hlutdeildarskírteina í sjóðnum. Sölu- og innlausnarþóknun er að hámarki samtals 2%. Sölu-

Þóknun endurspeglast í mun kaup- og sölugengis á hverjum tíma og í dag er hún 2%. Innlausnargjald er í dag 0%.

Beinn útlagður kostnaður vegna reksturs sjóðsins er ekki innifalinn í þóknun rekstrarfélagsins og sama á við um kostnað vegna Fjármálaeftirlits. Rekstrafélagið áskilur sér jafnframt rétt til að krefjast endurgreiðslu kostnaðar svo sem vegna fjármálakerfa, annarra en eiganstýringarkerfa, kostnað vegna áskriftar að verðbréfavísitölum ef um það er að ræða, hugbúnaðar, endurskoðunar, lögfræðikostnaðar og póst og pappírskostnaðar og annars slíks. Gjaldfærður kostnaður vegna framangreindra liða má þó ekki verða hærri en sem nemur 0,10% af verðmæti meðaltals hreinnar eignar hvorrar deildar sjóðsins á ársgrundvelli.

Leiði sérstakar aðstæður til þess að verja þarf hagsmuni sjóðsins með aðgerðum sem fyrirsjáanlega fara umtalsvert fram úr framangreindu hlutfalli má gjaldfæra kostnað vegna þess hjá sjóðnum, enda leiði mat Stefnis til þeirrar niðurstöðu að hagsmunum sjóðfélaga sé best borgið með þeim hætti. Slík gjaldfærsla er háð tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins.

5. gr.

Útgáfa hlutdeildarskírteina og innlausn þeirra.

Allir, sem eiga hlutdeild að sjóðnum, eiga sama rétt til eigna og tekna hans í hlutfalli við eign sína.

Hlutdeildarskírteini verða gefin út af Stefni hf. til þeirra sem fá sjóðnum fjármuni til ávöxtunar og óska eftir því. Hlutdeildarskírteini verða send þeim sem þess óska í ábyrgðarpósti eigi síðar en 30 dögum eftir að kaupin eiga sér stað og söluaðili hefur gefið út kvittun. Hlutdeildarskírteini sjóðsins verða einungis seld gegn staðgreiðslu kaupverðs.

Hlutdeildarskírteini sjóðsins skulu innleyst að kröfu eigenda á því kaupgengi sem gildir í dagslok þann dag sem fyrirmæli um slíkt berast söluaðila sjóðsins, svo lengi sem slík fyrirmæli berast fyrir lokunartíma sjóðsins. Að öðrum kosti skal líta svo á að fyrirmælin hafi borist næsta virka dag. Lokunartími sjóðsins er kl. 12:00. Uppgjör sjóðsins vegna sölu miðast við T+3, þ.e.a.s. uppgjórið á sér stað þriðja virkan dag. Heimilt er að fresta innlausn hlutdeildarskírteina, mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjast þess, enda séu skilyrði laga nr. 30/2003 uppfyllt.

6. gr.

Ráðstöfun arðs og annars hagnaðar.

Arði og öðrum hagnaði af verðbréfaeign sjóðsins skal bætt við höfuðstól sjóðsins.

7. gr.

Útreikningur á innlausnarvirði hlutar.

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina í sjóðinn er markaðsvirði samanlagðra eigna viðkomandi deildar að frádregnum skuldum hennar við innlausn, svo sem skuldum við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum, deilt niður á heildarfjölda útgefinna og óinnleysta hlutdeildarskírteina. Um útreikning á innlausnarvirði og mat á markaðsvirði eigna fer að öðru leyti skv. gildandi reglugerð á hverjum tíma.

8. gr.

Um slit sjóðsins og samruna við aðra sjóði.

Ef samanlagt markaðsverðmæti verðbréfa og annarra fjármálagerna sjóðsins fer undir 100.000.000 kr. skal stjórn rekstrarfélags sjóðsins kanna sérstaklega hvort hagstæðara sé fyrir hlutdeildarskírteinishafa að sjóðnum sé slitið. Ákvörðun um slit og sjóðsins skal tekin af Stefni hf. Þá tekur Stefnir hf. ákvörðun um samruna sjóðsins við aðra sjóði, með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa að leiðarljósi. Tilkynna skal slíka tilhögun sérhverjum hlutdeildarskírteinishafa bréfleiðis ásamt upplýsingum um eign þess aðila í sjóðnum. Ákvörðunin skal einnig auglýst í dagblöðum.

Tilkynning til hlutdeildarskírteinishafa skal meðal annars hafa að geyma ákvæði um skilmála slita og/eða samruna og tilgreinda dagsetningu gildistöku slitanna og/eða samrunans og skal sú dagsetning vera minnst þremur vikum eftir útsendingu tilkynningar.

Á því tímabili sem líður frá því rekstrarfélagið sendir út tilkynningu og þar til samruni sjóðs tekur gildi, skulu hlutdeildarskírteinishafar sem ekki eru samþykkir samrunanum hafa tækifæri til að krefjast innlausnar allra hlutdeildarskírteina sinna samkvæmt þeim skilmálum sem gilda um innlausn.

Komi til slita sjóðsins skal Stefnir hf. koma eignum sjóðsins í verð með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa í fyrirrúmi og deila niður hreinum afrakstri af slíkum slitum, að frádregnum öllum kostnaði þeim tengdum, á hlutdeildarskírteinishafa í réttu hlutfalli við fjölda eininga í eigu þeirra. Stefni hf. er heimilt að deila niður eignum sjóðsins í heild eða að hluta til með framsali á verðbréfum til hlutdeildarskírteinishafa (in kind), á sanngjarnan hátt. Að þessu loknu skal endurskoðandi staðfesta skiptingu eigna. Afrakstur uppgjörs sjóðsins sem enn er ógreiddur eftir lok skiptameðferðar, skal falinn Stefni hf. til vörslu um sex mánaða tíma. Við lok þessa tímabils skulu eignir sem ekki hefur verið gerð krafa til, faldar Arion banka hf. til vörslu, í þágu þeirra er í hlut eiga.

Reykjavík, 16. janúar 2007,
með breytingum gerðum 4. mars 2007,
27. maí 2008, 4. janúar 2010, 16. febrúar 2011 og 5. ágúst 2011